



Alþingi  
Erindi nr. P 128/21  
komudagur 31.10.2002  
NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

SOUTH ICELAND INSTITUTE  
OF NATURAL HISTORY

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Vestmannaeyjar, 29. október 2002.

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til verndar  
rjúpnastofninum, þingskjal 11 – 11. mál.**

Náttúrustofa Suðurlands er fylgjandi því að rannsóknir á viðgangi rjúpnastofnsins verði efldar strax og að m.a. verði kannað hvort aukin friðun á Suðvesturlandi skilar tilætluðum árangri. Jafnframt þarf að fylgjast með hvaða áhrif friðunin hefur á rjúpnastofninn á svæðum sem liggja rétt utan við friðaða svæðið þar sem reikna má með aukinni ásókn veiðimanna inn á þau.

Einnig styður Náttúrustofa Suðurlands að frá og með næsta hausti verði gripið til aðgerða til verndar rjúpnastofninum á landsvísu. Þar kemur helst til greina að setja á sölubann eða stytta veiðitímamann verulega. Álitamál er hvort hægt sé að setja á sölubann samfara styttingu veiðitímans þar sem þá verður ill- eða ómögulegt að meta áhrif hvorrar aðgerðar fyrir sig. Loks skal bent á að ekki verður hægt að leyfa innfluting á rjúpu, t.d. frá Grænlandi, ef sölubann er i gildi þar sem ómögulegt er að greina á milli útlenskra og íslenskra rjúpna.

Virðingarfyllt,

Ingvar A. Sigurdsson  
forstöðumaður